

á öllum, sem útburður hafði annaðhvort villt eða vitskert, að þeim varð öllum illt, þegar þeir sáu ljós. Hið eina ráð til þess að útburðurinn ekki hefði nein áhrif á mann var það, að ganga beint áfram og hika ekki hót, þótt hann væri að hoppa á veginum fyrir framan mann eða á hlið við mann, og ef maður gjörði slíkt, þá yfirgaf hann menn fljótlega; en ef maður hörfaði eitt skref aftur á bak eða til hliðar, þá var hættan vís. Ístöðulitlum mönnum var því meiri hættu búin, heldur en þeim, sem hugrakkir voru. Það var líka til aðferð að lækna þá, sem útburður hafði vitskert, og hún var sú, að fylgja hinum vitskerta þangað, sem útburðurinn hafðist við, og velja til þess nógu vont veður, svo hann væri á kreiki, fylgja svo hinum vitskerta manni þrisvar í kring um útburðinn, og þá lagði hann á flóttu, en brjálsemin hvarf af manninum. En slíkt verk var ekki heiglum hent; það var ekki fyrir vesalinga að eltast í illviðri við útburði með brjáluðum mönnum. Það útheimti bæði þrek og kjark. En ef maður vildi koma í veg fyrir, að þeir gerðu vegfarendum mein framvegis, þá þurfti maður að elta þá, þegar þeir lögðu á flóttu, og elta þá viðstöðulaust, og ef svo var gert, þá hlupu þeir að síðustu upp í kjöltu móður sinnar, ef hún var lifandi, en á leiði hennar, ef hún var dauð; og eftir það gjörðu þeir lítið mein af sér.—

Öll erum við ferðamenn, og ferðinni verðum við að halda áfram viðstöðulaust, hvort heldur að vegurinn er greiður eða ógreiður, eða veðrið blítt eða strítt. Leið okkar flestra ef ekki allra liggur stundum eftir heiðunum, þar sem brunahraunið er á aðra hönd og engri lifandi skepnu fært yfir, sem ekki kann að fljúga, en gljúfrið á hina, sem fáir geta litið ofan í án þess að sundla; eða þá að leiðin liggur eftir mýrarflóanum, þar sem náttúran hefir skapað tjarnir en mennirnir mógrafir, og þar sem engar götur eru utan sauðaslóðir. Og þar sem heiðarnar og mýrarflóarnir eru svo margir og veturinn er í hönd, og að öðru hverju hríðar eða fjúk og þoka, þá hljótum við stundum að ferðast þessar leiðir í vondu veðri og dimmu. En það er fyrir okkur hér öldungis eins og það var fyrir okkur heima; aðalhættan er ekki fólgin í því, að vegurinn sé torsóttur eða veðrið vont, þótt þetta hvort fyrir sig sé ærið hættulegt, heldur er hættan aðallega fólga-